

Velferðarráðuneytið

2.júní 2015

U M S Ö G N

Viðtakandi: Þorsteinn R. Hermannsson, fagstjóri
Mannvit - international consultancy firm

Sendandi: Leifur Bárðarson

Málsnúmer: VEL 13120120

Efni: **Sameiginleg athugun ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group á flugvallarkostum - Sjúkraflutningar og flugvallarkostir**

Gögn

Á fundi Velferðarráðuneytisins og verkefnastjóra stýrihóps fyrir ofangreint verkefni var ákveðið að ráðuneytið óskaði eftir gögnum frá Sjúkratryggingum Íslands um sjúkraflug og gögnum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um flutningstíma frá flugvelli á sjúkrahús.

Ákveðið var að þegar úrvinnslu þeirra gagna væri lokið þá myndi velferðarráðuneyti og/eða Landlækniseimbættið frá tækifæri til að skrifa umsögn og leggja mat á áhrif aukins ferðatíma á landi á áhættu í sjúkraflutningum, að öðrum þáttum sjúkraflutninga óbreyttum.

Ráðuneytið hefur aflað gagna um tímalengd sjúkraflugs frá þremur flugvöllum landsins til Reykjavíkur og um flutningstíma með sjúkrabíl í forgangsakstri frá annars vegar Reykjavíkflugvelli til LSH og hins vegar frá hugsanlegum flugvelli í Hvassahrauni. Auk þess hafa ráðuneytinu borist drög að minnisblaði frá Mannviti, verkfræðistofu um efnið.

Tímamælingar vegna flutnings sjúklings frá þremur völdum flugvöllum til Reykjavíkur

1. Beðið um flutning
2. Sjúkrabíll mætir.
3. Sjúklingur leggur af stað.
4. Kominn á flugvöll
5. Flugvél leggur af stað Frá.
Akureyri
Egilsstöðum
Ísafirði
Vestmannaeyjum
6. Flugvél lendir.
7. Sjúkrabíll leggur af stað frá flugvelli.
8. Kominn á LSH.

*) Tímamælingar SHS

	Flugtími		Aksturstími	Aksturstími	Alls	Lenging Rfv/Hfv
	Reykjavíkflugv (Rfv)	Hvassahraun ("Hfv")	LSH Hringbr	LSH Fossv		
Akureyri	45 mín		5 - 6 mín		50 - 51 mín	
	45 mín			5 - 6 mín	50 - 51 mín	
		46 mín	15 mín*		61 mín	19 - 20 %
		46 mín		15 mín*	61 mín	19 - 20 %
Egilsstaðir	60 mín		5 - 6 mín		65 - 66 mín	
	60 mín			5 - 6 mín	66 mín	
		61 mín	15 mín*		76 mín	15%
		61 mín		15 mín*	76 mín	15%
Ísafjörður	40 mín		5 - 6 mín		46 mín	
	40 mín			5 - 6 mín	46 mín	
		41 mín	15 mín*		56 mín	25%
		41 mín		15 mín*	56 mín	25%
Vestmannaeyjar	25 mín		5 - 6 mín		30 - 31 mín	
	25 mín			5 - 6 mín	30 - 31 mín	
		25 mín	15 mín*		40 mín	40%
		25 mín		15 mín*	40 mín	40%

Í umsögn þessari er í samræmi við bókun fundarins sem vitnað er til hér að ofan eingöngu horft til áhrifa þátta 7 og 8. Flugtíminn (liðir 5 og 6) er meðalsjúkraflugstími á þessum leiðum. Ekki er tekið tillit til þátta 1 – 4 þó að þeir þættir séu rúmleg 1/3 af heildarflutningstíma samkvæmt gögnum um meðaltíma í sjúkraflugi ef um útkallsflokka F1 og F2 er að ræða. Það hlutfall er mun hærra ef um útkallsflokka F3 og F4 er að ræða.

Flutningstími með sjúklinga frá Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum lengist um 10 mínútur ef flugvöllur er staðsettur í Hvassahrauni samanborið við núverandi staðsetningu í Vatnsmýri. Hlutfallsleg lenging því mismunandi eftir því hvaðan er verið að koma með sjúkling.

Umsögn

Sá tími sem tekur að flytja sjúkling frá landsbyggðinni til Landspítala lengist um 10 mínútur ef flugvöllur er fluttur úr Vatnsmýri í Hvassahraun. Allt skipulag er varðar flutning sjúklinga miðast við að hafa þann tíma sem stýst svo sjúklingur komist sem fyrst í kjöraðstæður miðað við ástand sitt. Allar lengingar á flutningstíma sjúklings eru til hins verra og þurfa aðrir kostir að koma á móti til að veða þær upp. Flestar rannsóknir varðandi áhrif flutningstíma á útkomu taka til sérstakra skilgreindra sjúkdómaflokka. T.d. ef um bráða hjartasjúkdóma er að ræða svo sem kransæðapregsl/kransæðastíflu skiptir flutningstími mjög miklu máli og hann oft notaður sem mælikvarði á gæði og öryggi þjónustu (door – to needle time).

Ráðuneytið hefur ekki undir höndum nein rannsóknargögn sem sýna nýtingarhlutfall hugsanlegs flugvallar í Hvassahrauni og þar með aðgengi að LSH fyrir sjúklinga í sjúkraflugi. Þegar þau gögn liggja fyrir er betur hægt að meta hvort hugsanlegur flutningur flugvallar úr Vatnsmýri í Hvassahraun geti almennt ógnað öryggi sjúklinga.

Kveðja

Leifur Bárðarson



Leifur Bárðarson, læknir / Medical Doctor
Velferðarráðuneyti / Ministry of Welfare
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8100 - Fax: +(354) 551 9165
velferdarraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)